

824. fundur

Árið 2026, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 10. júní, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Jónína Magnúsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Ásrún Kristinsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Vinnustofa um græna iðngarða og fjárfestingartækifæri á Íslandi- kynning á niðurstöðu.*
Lagt fram til kynningar.
2. *Ársskýrsla Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2025.*
Lagt fram til kynningar.
3. *Undirbúningur aðalfundar 2026.*
Fundurinn verður haldinn í Gerðaskóla þann 12. september. Stjórninn ræddi hugmyndir að dagskrá. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram á milli funda.
4. *Önnur mál.*
Halldóra Fríða sagði frá ferð sinni til Brussel í byrjun mánaðar á fund sveitarstjórnar vettvang EFTA. Tílefni hans var m.a. löggjöf ESB varðandi opinber innkaup, svo kallað „Buy European“ sem er mikið í umræðunni um þessar mundir og EU Arctic Strategy, sem hefur fengið meira vægi í tengslum við aukinn áhuga á norðurslóðum sem og loftlagsmál.

Einnig var farið stuttlega yfir fráveitutilskipunina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Ásrún Kristinsdóttir

Björn Sæbjörnsson

Berglind Kristinsdóttir